

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2022

2022/EES/42/16

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1889 frá 23. júlí 2021 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 að því er varðar rýmkun ráðstafana með tilliti til tímabundinnar tilslökunar á reglum um nýtingu afgreiðslutíma vegna COVID-19-hættuástandsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 64b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1889**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1889 frá 23. júlí 2021 (Stjttð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 20).“*2. gr.*Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1889, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.